

**Nr. 099 / 12 Kría****Leki í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 7722  
Smíðaður: Holland 2012, plast  
Stærð: 11,46 bt.  
Mesta lengd: 11,29 m Skráð lengd: 10,73 m  
Breidd: 3,21 m Dýpt: 1,55 m  
Vél: Yanmar 211 kW, 2011  
Fjöldi skipverja: 2  
Farþegar: 4



Kría©Skessuhorn

**Gögn:**

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 8. september 2012 var farþegaskipið Kría á skemmtisiglingu með farþega á Breiðafirði. Veður: NNA 5-8 m/s og ölduhæð innan við 0,5 m.

Á siglingunni urðu skipverjar varir við svo mikinn leka í vélarúmi að lensidæla hafði ekki við honum þó einnig væri notuð handpumpa. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð farþegaskipsins Særúnar og voru farþegar teknir þar um borð en Kría siglt til hafnar í Stykkishólmi.

Við skoðun kom í ljós að botnstykkið fyrir dýptarmælinn hafði gengið upp úr botnflangsinum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að botnflangsinn sem hýsti botnstykki dýptarmælisins var þunnur plast hólkur (háls) með stétt á öðrum enda sem leggst utan á byrðing með þéttiefni. Innan á byrðingnum er flangsinn festur með ró ofan við þéttiefni. Allur háls flangsins er snittaður og er botnstykkið fest með ró efst á honum og hafði hálsinn farið í sundur neðanvið efstu snitthringi;



Flangsinn, brotinn efst

- að skipstjóri sem tók búnaðinn, sem var nýlegur, úr bátnum sagðist telja að þegar búnaðurinn hafi verið settur í hafi verið tekið of fast á festiró botnstykkisins og hálsinn nær snúinn í sundur;
- að eftir atvikið var settur koparflangs og það var einnig gert í Kjóa hinu skipi útgerðarinnar.

*Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.